



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ALÞJÓÐLEG RÁÐSTEFNA UM MÁLEFNI HAFSINS

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson tekur í dag og á morgun þátt í alþjóðlegri ráðstefnu um málefni hafsins í Mexíkó. Ráðstefnan er haldin á vegum tímaritsins *The Economist* undir heitinu *World Ocean Summit* og sækja hana þjóðarleiðtogar, forystumenn alþjóðlegra stofnana og fyrirtækja og sérfræðingar um málefni hafsins.

Á ráðstefnunni mun forseti meðal annars ræða um sjálfbærni í íslenskum sjávarútvegi, hættuna af mengun sjávar og málefni norðurslóða. Einnig mun hann eiga fund með forseta Mexíkós, Enrique Peña Nieto.

8. mars 2018

Vefslóð ráðstefnunnar:
<https://events.economist.com/events-conferences/americas/world-ocean-summit/>

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).